



Fréttatilkynning
14 August 2026 16:05:00 GMT

Íslandsbanki hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun – lok umferðar

Vísað er til tilkynningar Íslandsbanka hf. sem birt var 27. júní 2026 um áframhaldandi framkvæmd endurkaupaáætlunar á eigin bréfum að fjárhæð 3,95 milljarðar króna, sem upphaflega var tilkynnt um þann 16. febrúar 2026. Í viku 33 keypti Íslandsbanki hf. (bankinn) 2.863.183 eigin hluti að kaupverði alls 413.707.509 kr. eins og nánar er greint í þessari tilkynningu.

Í viku 33 keypti Íslandsbanki hf. (bankinn) 2.863.183 eigin hluti að kaupverði alls 413.707.509 kr. eins og nánar er greint frá hér á eftir:



Fréttatilkynning
14 August 2026 16:05:00 GMT

Dags	Tími	Keyptir hlutir	Viðskiptaverð	Kaupverð (kr)	Eigin hlutir eftir viðskipti
10.8.2026	10:35:12	200.000	144,00	28.800.000	102.350.283
10.8.2026	11:09:06	300.000	144,00	43.200.000	102.650.283
10.8.2026	12:26:16	200.000	144,00	28.800.000	102.850.283
11.8.2026	11:21:29	300.000	144,00	43.200.000	103.150.283
11.8.2026	11:32:48	200.000	144,30	28.860.000	103.350.283
11.8.2026	14:00:36	400.000	144,20	57.680.000	103.750.283
11.8.2026	14:59:04	100.000	144,30	14.430.000	103.850.283
12.8.2026	10:03:19	300.000	145,00	43.500.000	104.150.283
12.8.2026	10:32:27	300.000	145,20	43.560.000	104.450.283
12.8.2026	13:41:48	200.000	145,20	29.040.000	104.650.283
12.8.2026	14:58:56	200.000	145,20	29.040.000	104.850.283
13.8.2026	15:31:10	131.990	145,00	19.138.550	104.982.273
14.8.2026	11:29:29	8.200	142,80	1.170.960	104.990.473
14.8.2026	11:40:00	10.141	143,00	1.450.163	105.000.614
14.8.2026	11:40:00	11.867	143,00	1.696.981	105.012.481
14.8.2026	11:40:57	985	143,00	140.855	105.013.466
	Samtals vika 33	2.863.183		413.707.509	

Fyrir framangreind viðskipti í viku 33, átti bankinn 102.150.283 hluti, sem samsvarar 5,83% af útgefnum hlutum. Eftir framangreind viðskipti í viku 33 átti bankinn 105.013.466 hluti. Þá gerði bankinn í kjölfarið upp kaupréttarsamninga við starfsfólk hans og seldi í því skyni 6.397.210 hluti. Að þeirri sölu lokinni á bankinn 98.616.256 eigin hluti, sem samsvarar 5,63% af útgefnum hlutum.

Þessari umferð endurkaupa, sem tilkynnt var um í kauphöll þann 27. júní 2026, er nú lokið. Samkvæmt framangreindri tilkynningu var áætlað að kaupa allt að 30 milljón hluti sem jafngildir 1,71% af útgefnu hlutafé bankans í umferðinni, þó þannig að heildarfjárhæð endurkaupanna að þessu sinni verði aldrei meiri en samtals kr. 3.950.000.000. Endurkaupunum var haldið áfram 29. júní síðastliðinn og áttu að standa yfir þar til öðru hvoru framangreindra viðmiða um magn eða fjárhæð er náð, en þó aldrei lengur en til 30. september 2026.

Í þessari umferð endurkaupa keypti bankinn 27.595.210 hluti, sem nemur 1,57% af útgefnum hlutum, fyrir samtals kr. 3.949.999.924. Framangreindu hámarki heildarfjárhæðar endurkaupa er því náð í þessari umferð.



Fréttatilkynning
14 August 2026 16:05:00 GMT

Endurkaupaáætlun bankans, sem komið var á samkvæmt heimild Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands dagsettri 4. febrúar 2026, er nú lokið þar sem hámarksfjárhæð endurkaupa samkvæmt henni hefur verið náð. Frá upphafi endurkaupaáætlunarinnar, sem tilkynnt var um 16. febrúar 2026, hefur bankinn keypt samtals 105.013.466 hluti eigin hluti, sem jafngildir um 5,99% af útgefnu hlutafé bankans.

Bankinn mun áfram meta möguleika á frekari endurkaupum eigin hluta, með fyrirvara um nauðsynlegar heimildir eftirlitsaðila.

Framkvæmd endurkaupaáætlunarinnar er í samræmi við viðeigandi lög og reglur, þ.á m. lög um hlutafélög nr. 2/1995, reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) um markaðssvik nr. 596/2014 og framselda reglugerð Framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2016/1052, lög um aðgerðir gegn markaðssvikum nr. 60/2021 og reglugerðar nr. 1290/2025 um sama efni. Samþykki Fjármálaeftirlits Seðlabanka Íslands vegna kaupa bankans á eigin hlutum var fyrirbyggjandi.

Frekari upplýsingar veita:

Fjárfestatengsl, ir@islandsbanki.is
Fyrirspurnir frá fjölmiðlum, pr@islandsbanki.is

Viðhengi

[Íslandsbanki hf.: Reglubundin tilkynning um kaup á eigin bréfum í samræmi við endurkaupaáætlun – lok umferðar](#)